



**Tegund eignar :** Einbýlishús

**Bæjarfélag / Hverfi :**  
Villamartin

**Izona :** Costa Blanca Sur

**Svefnherbergi :** 3

**Baðherbergi :** 3

**Byggingarár :** 2002

**Sundlaug :** Í sameign

**Garður :** Já

**Eignin snýr :** til austurs

**Útsýni :** Ósnortin náttúra

**Bílastæði :** Bílskúr

**Fermetra stærð eignar :** 189 m<sup>2</sup>

**Stærð lóðar :** 350 m<sup>2</sup>

**Stærð þaksvala :** 15 m<sup>2</sup>

**Flugvöllur :** 45

**Strönd :** 10

**Borg :** 10

**Golf :** 3

✓ Geymsla

✓ Miðstöðvarkynding

✓ Bílskúr

✓ Kjallari

✓ Verönd

✓ Þaksvalir

✓ Húsgögn fylgja með

✓ Loftkæling

Æðislegt 189m<sup>2</sup> endursölu einbýlishús á 3 hæðum með 3 svefnherbergjum, 3 baðherbergjum, eldhúsi og stofu á annarri hæð, flottur garður og með fallegum útisvölum, einnig á efstu hæð eignarinnar er gengið út á 15m<sup>2</sup> þaksvalir sem eru með æðislegt útsýni yfir alla náttúruna.

Svo er rými í kjallara sem hægt er að breyta í til dæmis líkamsrækt, sjónnvarpshol eða auka litla íbúð. Í kjallaranum er einnig geymslupláss sem notast undir þvottahús sem gengið er út í rúmgóðann bílskúr.

Skammt er á 18 holu golfvöllinn Villamartin, þar sem njóta má

óviðjafnanlegs útsýnis hvort sem er við að iðka golf íþróttina eða tylla sér á fallegan útsýnisbar og njóta þess að hlusta á fagurlitaða páfagaukana kvaka allan ársins hring.

Fyrir náttúru unnendur er jafnframt vinsælt að labba eða hjóla eftir vatnssíkinu "el canal" sem liggur skammt frá, en þar er að finna mikið fuglalíf og hægt að fara í skemmtilegar göngu- eða hjólaferðir meðfram skurðinum til nærliggjandi bæja, án þess að fara út á götu og alltaf umlukin fallegri náttúru, en jafnframt er stutt að fara til annara hverfa, hvort sem er á tveimur jafnfljótum, eða á farartæki s.s. í hverfið Los Altos, La Florida og Playa Flamenca. En það má segja að ekki sé meira en 10 mín létt labb til allra þessara hverfa.

Auk þess er Zenia Boulevard verslunarmiðstöðin skammt frá, þar sem þín bíður mikið úrval verslana í yfir 80.000 m<sup>2</sup> verslunarhúsnæði, að ógleymdir heilbrigðisþjónustu hins margrómaða Torre Vieja spítala sem er í 10 mínútna ökufjarlægð að heiman. Og fyrir sólarunnendur þá ertu í einungis nokkurra mínútna ökufjarlægð frá kílómetra löngum breiðum af fín sendnum ströndum sem hafa fengið vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans.

Endilega hafðu samband til að fá meiri upplýsingar um þessa glæsilegu eign!